

Svíta nr. 2 í c-moll BWV 997 er samin fyrir lútu um eða fyrir 1730 og er talin hin besta af sjö verkum sem J.S. Bach samdi fyrir það hljóðfæri. Í útsetningu Uhlmann fyrir flautu og gítar er svítan í d-moll. Verkið hefst á *Preludio* og er fylgt eftir með *Fuga* sem er það þróaðasta og áhuga-verðasta af þess háttar verkum meðal svítunnar. Því næst er undursamlega ljóðræn *Sarabande* þá *Gigue* og að lokum *Double*.

Maurio Giuliani er án efa merkasta gítartónskáld 19. aldar. Hann flutti frá Ítalíu til Vínar, sem á þeim tíma var háborg gítartónlistar. Giuliani samdi meira en 150 opus verk og mun fyrst tónskálda hafa samið konsert fyrir gítar og hljómsveit. Hann samdi 15 verk fyrir flautu og gítar og er sónata op. 85, án efa sú þekktasta og fegursta. Hún er í fjórum þáttum og inniheldur öll atriði sem einkenna hinn klassíska stíl. Þróun tónlistarinnar er mjög eðlileg og er í fullkomnu jafnvægi fyrir hljóðfærin tvö.

Astor Piazzolla fæddist í Mar del Plata í Argentínu árið 1921. Upphaflega lærði hann á argentíska þjóðlagahljóðfærið *Bandoneon*, en stundaði síðar nám í tónsmíðum hjá Ginastera og Nadia Boulanger í París. Piazzolla tvinnnaði saman mismunandi þætti tangósins og útkoman varð sá tangó sem er þekktur í dag. Verkin fjögur fyrir flautu og gítar eru byggð upp líkt og falleg sögumálverk er spanna fjögur mikilvægustu tímasteið í þróun tangósins. Hin einfalda uppbygging á fyrsta þætti tangósins, *Bordel 1900*, er tengd frumstæðum rótum formsins sem er upprunalega frá Buenos Aires um 1882. Hann dregur upp mynd af hinu meinlausa þískri franskra, ítalskra og spænskra kvenna vændishúsanna. Næsti þáttur, *Café 1930*, spannar annað tímasteið tangósins, er fólk kaus frekar að hlusta á tónlistina en að dansa við hana. Hún varð rómantískari með hægum takti og skapaði angurvært andrúmsloft. *Night-Club 1960* sýnir samruna mismunandi tónlistarmenningar eins og brasilíska Bossa Nova taktinn. Síðasti tangóinn, *Concert d'aujourd'hui*, endurspeglar megin hugmyndir Piazzolla um að gera tangóinn að tónlistarlegu formi sem samræmist þróun nútíma tónlistar: Bartók, Stravinsky og Jazz-túlkunar.

Í grísku goðafræðinni var Kalaís einn sona Boreas, Norðanvindsins. Hann var einnig mikill tónlistarmaður með yfirnáttúrulega hæfileika í tjáningu. Á hollensku korti af Íslandi frá 16. öld er Kalaís sýndur spila á lútu þar sem hann heillar og tælir til sín forvitnar sjávarverur. Þorkell Sigurbjörns-son telur að það hljóta að vera alrangt, sonur Norðanvindsins hljóti að hafa spilað á blásturshljóðfæri.

## Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Kristjana Helgadóttir  
flautuleikari

Dario Macaluso  
gítarleikari

Þriðjudaginn 25. ágúst 1998 kl. 20:30

## Efnisskrá

**Kristjana Helgadóttir** hóf nám við Tónlistarskóla Mosfellsbæjar árið 1983. Að því loknu fór hún í Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem hún lærði hjá Bernharði Wilkinsyni og þaðan útskrifaðist hún með kennarapróf árið 1994 og með burtfararpróf ári síðar, í bæði skiptin með hæstu einkunn. Haustið 1995 hóf hún nám við Sweelinck Tónlistarskólann í Amsterdam hjá prófessor Abbie de Quant og þaðan lauk hún meistaranámi með mjög góðri umsögn vorið 1998. Á árunum 1988 til 1995 kenndi Kristjana við Tónlistarskóla Mosfellsbæjar. Sumarið 1995 komst hún í úrslit Tónvaka-keppninnar. Hún hefur tekið þátt í ýmsum námskeiðum, svo sem hjá Manuelu Wiesler, Peter Lukas Graf, Jacques Zoon og Peter Loyd. Kristjana hefur komið fram á mörgum tónleikum hér heima og erlendis bæði sem einleikari og í samspili.

**Dario Macaluso** fæddist á Sikiley og stundaði nám við Vincenzo Bellini Tónlistarskólann í Palermo hjá Giuseppe Violante og útskrifaðist þaðan með hæstu einkunn árið 1991. Árið 1997 lauk hann meistaraþáttu frá Sweelinck Tónlistarskólanum í Amsterdam með hæstu einkunn, en þar var hann undir handleiðslu Lex Eisenhardt. Dario Macaluso einbeitir sér nú að kammertónlist við sama skóla. Hann hefur að auki tekið þátt í námskeiðum hjá Vladimir Mikulka og Pieter van der Staak. Árið 1994 vann hann fyrstu verðlaun í tónlistarkeppninni Vanna Spadafora, á Sikiley og ári síðar hlaut hann viðurkenningu í alþjóðlegri tónlistarkeppni í Lecce. Hann hefur haldið tónleika í Hollandi, Þýskalandi og á Ítalíu sem einleikari og eða í samspili og hefur starfað fyrir Massimo leikhúsið á Palermo. Macaluso hefur einnig lokið námi við fornmaladeild háskólans í Palermo.

J. S. Bach  
(1685 - 1750)

Svíta nr. 2, BWV 997  
í útsetningu Ferdinand Uhlmann  
Preludio  
Fuga  
Sarabande  
Gigue  
Double

Mauro Giuliani  
(1781 - 1829)

Große Sonata Op. 85  
Allegro maestoso  
Andante molto sostenuto  
Scherzo - vivace  
Allegretto espressivo

Porkell Sigurbjörnsson  
(f. 1938)

Kalaïs (1976)  
einleiksverk fyrir flautu

Astor Piazzolla  
(1921 - 1992)

Histoire du Tango  
Borel 1900  
Café 1930  
Night-club 1960  
Concert d'aujourd'hui